



1. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025-2026

5. maí 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Hákon Leifsson (HL), Sigurður Elmar Birgisson (SEB), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir

1. Kosning varaformanns og verkaskipting stjórnar

Gerð er tillaga að ÞSS verði kosinn varaformaður Fáks. Tillaga er samþykkt samhljóða.

Rætt er um að stjórnarmeðlimir taki að sér að vera tengiliðir við nefndir. Farið er yfir hvaða nefndir eru virkar en það eru reiðveganefnd, mótanefnd og æskulýðsnefnd. Rætt er um að stofna/virkja fleiri nefndir eins öryggisnefnd, skemmtinefndir (Herra og Kvennakvöldsnefndin eru þegar virkar), fræðslunefnd, hrossaræktarnefnd, Stórsýningarnefnd og svo framvegis

Stjórn mun heyra í áhugasömum félagsmönnum um stofnun og mönnun þessara nefnda í kjölfar vinnustofu.

2. Stýrihópur um forgangsöröðun íþróttamannvirkja hjá Reykjavíkurborg

Menningar- og íþróttaráð Reykjavíkur hefur stofnað stýrihóp um forgangsöröðun íþróttamannvirkja í Reykjavík. Búið er að skipa í hópinn og hefur formaður heyrt í starfsfólki borgarinnar sem er með tengingu inn í hópinn. Skrifa þarf bréf til stýrihópsins þar sem útlistuð er þörf félagsins á uppbyggingu reiðhalla á svæði félagsins. Fylgja þurfa með gögn um fyrirhugaðann kostnað við uppbyggingu og hvaða leiðir félagið sér fyrir sér varðandi fjármögnun og rekstur mannvirkja.

HS hefur gert drög að bréfi til stýrihópsins sem er kynnt stjórn. Stefnt er að því að bréfið verði tilbúið í maí og mun fullklárað erindi vera kynnt stjórn áður en það fer út frá félaginu.

3. Almennadalur

Framkvæmdastjóra er falið að taka saman gögn um hús í Almennadalsgötu og stöðu á óbyggðum húsum og byggingarstigi húsa á svæðinu. Um lóðir í Vegbrekku og Fjárgötu eru engir undirritaðir lóðaleigusamningar og þarf að heyra í borginni um að ganga frá þeim samningum. Þá þarf að kanna hug þeirra sem eiga byggingarrétt en hafa ekki nýtt hann um hverjar fyrirætlanir þeirra eru. Skoða þarf líka hvort eitthvað í deiliskipulaginu valdi því að ekki er byggt eins og varðandi hve vegleg húsín eru. HS, ÞSS, og EG munu fara í vettvangsferð um svæðið til að kanna ástand þess.

4. Kynning á tillögum við breikkun Suðurlandsvegar við Rauðavatn

Kynntar eru tillögur verkfræðistofunnar Cowi á fyrirhugaðri breikkun Suðurlandsvegar á svæðinu þar sem undirgöngin eru við Rauðavatn. Framundan er frekari rýnivinna á teikningum og hagsmunagæsla um að sú útfærsla sem farin verði komi sem best út fyrir hestamenn. HS, EG ásamt Dagnýju Bjarnadóttur munu eiga fund með fulltrúum Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Cowi um hönnun þessara mannvirkja.

5. Vinnustofa

Stjórn ákveður að bjóða félagsmönnum til Vinnustofufundar með stjórn þar sem félagsmenn geta komið hugmyndum til félagsins um hvað má betur fara í félagsstarfinu. Fundurinn verður haldinn þann 27. maí klukkan 18:00 til 20:00.

6. Dagskrá framundan og mönnun viðburða

Kynnt er dagskráin framundan.

7. Útreiðaklúbbur

Formaður hefur orðið var við áhuga hjá fólki að endurvekja félagsreiðtúra. Umræðu er frestað þar til eftir vinnustofu með félagsmönnum.

8. Viðrunarhólf

Viðrunarhólfum verður úthlutað í vikunni og verður hún kynnt á heimasíðu félagsins. Á aðalfundi félagsins voru til umræðu þær reglur sem fyrrum stjórn setti í kringum hólfin. Ekki verða gerðar neinar breytingar á reglum fyrir þetta ár en þær verða teknar til skoðunar í haust eftir reynslu sumarsins.

9. Heygemysla

Umræður um heygemyslu félagsins við reiðhöllina og ýmiss sjónarmið varðandi hana. Gerð er tillaga um að fresta gjalddöku á heyi ótímabundið.

Samþykkt samhljóða.

10. Reiðhallarlóðir í Víðidal

Kynnt er staðan á reiðhallarlóðum í Víðidal fyrir nýrri stjórn en Ganghestar ehf. heldur á lóð við félagsheimili og Á bygg á lóð við A-tröð. Á lóð við A-tröð hefur viðræðuaðili óskað eftir að byggja annað en deiliskipulagsskilmálar segja til um.

Er það afstaða stjórnar að hvika ekki frá þessum skilmálum sem um lóðina gilda.

11. Önnur mál

Merkingar á húsum í Faxabóli. Fram kom tillaga á aðalfundi að merkja húsin í Faxabóli svo viðbragðsaðilar geti fundið hús en upp kom nýlega atvik í hesthúsi og viðbragðsaðilar áttu í vandræðum með að staðsetja viðkomandi. ÞSS mun kanna málið og kynna stjórn.

Fjarlægja þarf byggingardót fyrir aftan reiðhöllina.

Óþarfa umferð kennslubifreiða er á félagssvæði Fáks. Framkvæmdastjóra er falið að hafa samband við hlutaðeigandi og biðja þá um að æfa sig annarsstaðar.

Fundi slitið 19:10.

Fundargerð ritaði Einar Gíslason